

Jafnréttisstefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Markmið Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) með jafnréttisstefnu er að jafna hugsanlegt misrétti og aðstöðumun starfsfólks. Tryggja jafnrétti svo að allt starfsfólk standi jafnt að vígi hvað snertir starfsval, atvinnutækifæri, starfsréttindi, starfsframa og launakjör. Jafnréttisstefnan byggist á lögum nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. Jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 11/1993.

“Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.”

Landbúnaðarháskóli Íslands leggur áherslu á að komið sé fram við fólk af virðingu og leggst gegn hverskonar einelti. Yfirstjórn skólans ber ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisstefnu sé framfylgt.

Stjórnun og ábyrgð

Jafnréttisfulltrúi fer með umsjón jafnréttismála hjá Landbúnaðarháskóla Íslands í umboði rektors. Skipa skal fulltrúa starfsfólks og nemenda í jafnréttisnefnd sem styrkja jafnréttisfulltrúa í starfi sínu. Jafnréttisfulltrúi mótar og gerir tillögu um jafnréttisáætlun fyrir skólann, fylgist með framgangi hennar og endurskoðar hana reglulega.

Launajafnrétti

Við Landbúnaðarháskóla Íslands starfar fólk með mismunandi menntun að margvíslegum störfum. Starfsfólk skiptist í mismunandi stéttafélög og því eru samningsbundin kjör þeirra misjöfn. Ákvarðanir um laun skulu byggjast á hlutlausu mati á störfum þannig að starfsfólkfái jafnhá laun og njóti sömu starfskjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Hæfnis- og árangurslaun og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum.

Þátttaka í nefndum og ráðum innan Lbhí

Við skipan í ráð og nefndir á vegum Lbhí skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar tilnefnt er í nefndir og ráð skal taka mið af ákvæði 20. gr. Jafnréttislaga.

“Í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir”.

Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Bera skal virðingu fyrir skyldum starfsfólks gagnvart fjölskyldu sinni. Starfsfólk er hvatt til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna. Þessum rétti ásamt sveigjanlegum vinnutíma er ætlað að auðvelda fólki að samræma vinnu og einkalíf.

Fatlaðir og ferlimál

Landbúnaðarháskólinn leggur sig fram um að mæta þörfum fatlaðra meðal nemenda og starfsfólks með því að:

Ábyrgð: Rektor- Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Útgáfa: 10.0
Útgáfudagsetning: 14.10.2022

Bls: 1

- gera viðeigandi breytingar á aðgengi sem miða að því að gera fötluðu starfsfólki og nemendum kleift að taka virkan þátt í skólastarfinu
- starfsfólki og nemendum, sem verða fyrir áfalli sem leiðir til fötlunar, sé gert kleift að halda áfram að stunda þá vinnu eða það nám sem það valdi sér
- skólasvæðið sé aðgengilegt og öruggt fyrir fatlaða með þeim takmörkunum sem eldri byggingar setja

Jafnrétti án tillits til þjóðernis eða trúabragða

Starfsfólk og nemendur skulu ekki sæta mismunun á grundvelli þjóðernis síns eða litarháttar. Ekki skal heldur mismuna fólki af öðrum ómálefnalegum ástæðum, svo sem vegna aldurs, kynhneigðar eða trúarbragða.